

Stjórnarfundur TSÍ 27. feb.2008.
Mættir voru Skjöldur, Raj, Jónas, Ingólfur og Gunnar

Kostnaður vegna þátttöku í Fed Cup og Davis Cup var ræddur. Vegna bágs fjárhagsástands TSÍ var ákveðið að keppendur greiði hver um sig 30.000 kr.- vegna ferðanna.

Skjöldur og Raj fara á Evrópuþingið í Kaupmannahöfn í vikunni. Vonir eru bundnar við að þeim takist að koma Íslandi á kortið og að nágrannaþjóðirnar séu tilbúnar til að ræða samstarf við okkur. M.a. annars varðandi æfingabúðir og keppnir á norðurlöndunum. Einnig að kanna grundvöll fyrir því að ungir tennisleikarar hér fái tækifæri til þess að mennta sig á norðurlöndunum og leiki tennis samhliða náminu.

Rætt var tennisárið 2007 og hugleiðingar um væntanlegan starfsmann TSÍ. Raj fór yfir þau störf sem hann hefur innt af hendi síðasta árið og þann tíma sem hann hefur lagt í að vinna að tennismálum á Íslandi. Rætt var hvað rétt sé að greiða fyrir alla þessa vinnu en ekki var tekin afstaða um málið. Erfitt er að verðleggja þessa vinnu miðað við gildandi forsendur. Nærri lætur að um sé að ræða hálf starf eða 750 vinnustundir.

Samningi Raj við tennisfélögin lýkur í lok mái og voru menn sammála um að það þurfi að koma skikki á þessi mál fyrir þann tíma.

Menn ætla að hittast sem allra fyrst til að ræða þetta mál frekar.

Í þessu samhengi var rætt að fleiri innan íslenskrar tennishreyfingar þurfi að koma að þeirri vinnu sem Raj, Jónas og fáir aðrir hafa lagt á sig undanfarin ár. Er það ekki síst verkefni TSÍ að meðlimir þess bretti upp ermarnar og láti gott af sér leiða. Einnig að þeir virki aðra tennisáhugamenn til þess sama.

Ingólfur benti í lokin á að menn þurfi að skilgreina starfssvið væntanlegs starfsmanns TSÍ. Það kemur þó nokkuð fram í hugleiðingum Jónasar um málið og því ágætt að nota þær sem útgangspunkt.

Skjöldur ætlar að boða næsta fund.

Gunnar Finnbjörnsson
ritari